Línuívilnun

Eitt af því sem nú er orðið meitlað í stein í lögunum um stjórn fiskveiða er línuívilnun. Hún hefur reynst vel, veiðikerfi sem umbunar við veiðar og veitir fjölda manns í landi atvinnu. LS hefur frá því fyrir ári reynt að knýja fram breytingar á lagaákvæðinu, en engum þarf að koma á óvart að það hafi ekki tekist innan um þann óróa sem ríkir.

Krafa LS er að línuívilnun verði hækkuð í 20% og nái til allra dagróðrabáta. Vægi hennar taki mið af þeirri aðferð sem notuð er við beitningu. Við kynningu á kröfunni hefur hún mætt skilningi hjá Jóni Bjarnasyni sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra.

Línuívilnun	Þorskur - 3.375 tonn		Ýsa - 1.722		Steinbítur - 894 tonn	
Tímabil	Ívilnun	Nýting				
1. febr. 2004			482 tonn		417 tonn	
2004 / 2005	2.935 tonn	87%	1.487	101%	552	86%
2005 / 2006	3.037 tonn	90%	1.626	110%	680	106%
2006 / 2007	2.454 tonn	73%	1.753	119%	550	85%
2007 / 2008	1.705 tonn	51%	1.733	100%	440	49%
2008 / 2009	1.856 onn	55%	1,572	91%	621	69%

Ónýttur þorskur tímabilið 2004/2005 til 2008/2009 er 4.888 tonn

Það er gríðarlega mikilvægt að fá línuívilnun á alla dagróðrabáta. Þannig að ívilnun fari ekki fram úr þeim heimildum sem til hennar eru ætlaðar er gert ráð fyrir að línuívilnun þar sem stokkað er upp í landi og trekt notuð verði 13,3% og þar sem beitt er úti á sjó - vélabátar - verði línuívilnun 6,7%. Til að gera sér í hugarlund hversu magnið er mikið er 10 tonna viðmið notað:

10 tonn	**ívilnun**	
beitt í landi	20%	1.667 kg
stokkað upp í landi	13,3%	1.111 kg
vélabátur	6,7%	556 kg

Á þessum tölum má glöggt sjá að verði þessi samsetning raunin þá mun það magn sem ætlað er til línuívilnunar nægja, 1.519 tonn voru skilin eftir á sl. fiskveiðiári og uppsafnað er 4.888 tonn.